

105. Stjórnarfundur Fenúr

29. janúar 2009.

Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Ragna I. Halldórsdóttir, Elías Ólafsson,
og Úlfar Haraldsson.

Staður og stund: Sorpa Gufunes kl 14

- Ákveðið að taka síðustu fundargerð fyrir á næsta fundi.
- GTÓ hrósaði afmælisráðstefnunni en þótti miður að að erlendi fyrirlesarinn Ann-Caren Gripwall hafi ekki komist. Erindið verður væntanlega birt í næsta Fenur blaði. EÓ talaði um að einhverjir ráðstefnugestir hefðu ekki verið sáttir við að fá ekki að tjá sig né spyrja spurninga eftir erindin sem voru flutt. Ákveðið var fara í stefnumótunarnavinnu fyrir aðalfund til að hafa gott skipulag þannig að allt gangi upp og allir verði ánægðir.
- Stefn er á aðalfund Fenur 3. apríl en 27. mars er líka í athugun. Hugmynd um að halda hann á Seltjarnarnesi. Ragna ætlaði að kanna með sal. Ekkert var ákveðið varðandi framsöguerindi heldur ætluðu menn að hugsa þetta fram að næsta fundi, nafn Helga Hjörvar, formanns umhverfisnefndar var nefnt. Stjórnin ætlar að hugsa þetta opið hvernig raða eigi málefnum upp og jafnramt ákveða umræðuefni fyrir fundinn. Skipuleggja kosningar fyrir næsta ár, ath hvað eru mörg stjórnarsæti laus. GTÓ sagðist ætla að halda í hefðir og ekki halda áfram sem formaður heldur stíga til hliðar fyrir nýjum kandidat.
- GTÓ bað RH um að finna út kostnað við útgáfu Fenur fréttar. Næsta blað mun fjalla um afmælisráðstefnuna og aðalfundur verður auglýstur í sama blaði. Jafnramt verður skoðað hvort stækka eigi blaðið í 8 bls.
- GTÓ talaði um að það þyrfti að yfirfara Fenur merkin en komið hafa fram óskir um að sameina nokkur merki. RH tók undir þá umræðu að það þyrfti að sameina nokkur merki eða hvort það eigi að fara nota fleiri merki á sama gáminn/ílatið. EÓ fannst að það ætti frekar að vera fleiri merki heldur en að fara út í að sameina sum merki, því til stuðnings þá lýsti hann því hvernig þessi merki væru notuð í Bretlandi. Þar er bara eitt tákn/mynd á hverju merki. Í því samhengi tók RH upp erindi Efnamóttökunnar um breytingu á merkjum í samræmi við löggjöfina um endurvinnslu á rafeindabúnaði. Það varð að niðurstöðu varðandi óskir um sameiningu merkja að Fenúr haldi seig við fyrri stefnu og áfram verði eitt tákn fyrir hvern flokk.

Í framhaldi af þessu sagði EÓ að sínir menn væru að tala um að merkin væru dýr í innkaupum.

Varðandi prentun merkja þá hefur heimsóttu GTÓ og RH fyrirtækið Lógóflex, en samningar um prentum merkja hafa verið í endurskoðun ásamt skoðun á prentgæðum. Niðurstaðan var að RH sendir Logoflex þrúfupöntun og munu gæði verða metin og samningur um prentun Fenúr merkja undirritaður ef ekki koma athugasemdir.

- Fenur hefur endurútféið kynningarþækling um flokkunarmerkin og hvetur félagsmenn til að fá eintök til að láta liggja frammi hjá sér.

- Næsti fundur ákveðin 12. febrúar kl. 14 í Gufunesi.

Fundi slitið 15.45 .
Fundarritari ÚH